

## Fundur í Fagráði loftræsikerfa nr. 1 tímabilið 2012-2013

<b>Fundarefni:</b>	Fyrirhuguð ráðstefna um heitt neysluvatn og ný Byggingarreglugerð		
<b>Fundardagur:</b>	10.09.2012	<b>Fundartími:</b>	16.30 – 18.00
<b>Fundarstaður:</b>	Verkís, Ármúla 4	<b>Fundarritari:</b>	Kristján Oddur
<b>Fundarmenn:</b>	Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Sigurgeir Þórarinsson (SP) og Kjartan Mar Eiríksson, afmælisbarn (KME), Karl Hákon Karlsson (KHK) og Gunnar Björn Guðbjörnsson (GBG)		
<b>Dreifing:</b>	Fundarmenn, Guðmundur Jónatansson og Kristján Ottóson - LAFÍ		

Stjórn LAFÍ óskaði eftir tilnefningu framsögumanna við fyrirhugaða ráðstefnu um heitt neysluvatn og brunahættur af því.

Eftirfarandi hugmyndir að framsögumönnum komu fram;

Fulltrúi byggingarvörusala: Steinar Gíslason, Danfoss hf.

Fulltrúi verk- og tæknifræðinga: Heiðar Jónsson, Mannvit / Sveinn Áki Sverrisson, VSB.

Fulltrúi pípulagnameistara: Sigurður H. Leifsson (Bóbó) í Kraftlögnum.

Að loknu umræðum og tilnefningum var sögunni vikið að nýrri byggingarreglugerð. KOS sagðist finnast það að mörgu leiti synd hvernig farið hefði fyrir þessu verki. Þótt svo að allir þeir sem hafi lagt hendur á plóg hafi haft góðan vilja og haft mikið til málanna að leggja, að þá er ekki hægt að ætlast til að svona mikið breytt reglugerð geti orðið fullslípuð af sérfræðingum í sjálfboðavinnu. Þetta er slíkt grunnplagg í okkar samfélagi að það þarfnast gríðarlega skipulagðrar vinnu við gerð hennar. Fundarmenn tóku undir þetta. KHK benti á að þarna hefði líklega þurft að vera fjölmennara lið með mjög þverfaglega þekkingu í ritstjórn sem hefði getað sótt kunnáttu út í samfélagið eftir því sem þurfti. SP minnti á að Mannvirkjastofnun hefði óskað eftir athugasemdum fyrir lok árs til að geta tekið þær til greina við næstu útgáfu. Fagráðið var sammála, þrátt fyrir gagnrýni á fyrirkomulag vinnunnar, um að koma athugasemdum frá sér sem snéru að 10. kafla allavega til Mannvirkjastofnunnar. Haldin verður fundarlota á næstu vikum og þar sem farið verður lið fyrir lið í gegnum kaflann.

*Stefnt er að næsta fundi í viku 40. Boðað verður til hans síðar.*